

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

33. fundur 27. janúar 2006

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs föstudaginn 27. janúar 2006 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00. Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður og Hjörtur Pálsson auk Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar; Gylfi Gröndal var erlendis. Formaður setti fund, en síðan var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Greinargerð héraðsskjalavarðar um stöðu mála í safninu. og verkefnin framundan.
2. Önnur mál.

1. Greinargerð héraðsskjalavarðar um stöðu mála í safninu.

Formaður gaf héraðsskjalaverði orðið um hana, enda hafði hann verið að kynna sér ástand mála þann tíma sem liðinn var frá því að hann kom til starfa.

Héraðsskjalavörður kom víða við og ræddi bæði innra og ytra starf safnsins. Í máli hans kom m.a. fram að undanfarið hefði verið unnið að úrbótum og lagfæringum á ýmsu sem kippa þarf í liðinn og betur má fara. Nefndi hann m.a. sem dæmi ýmsar breytingar og lagfæringar á skráningu og skráningarreglum og brunavarna- og öryggismál sem fara þarf yfir. Athuga þarf einnig um geymslur, geymslupláss og geymsluskilyrði safngagna og tryggja rétta varðveislu þeirra. Héraðsskjalavörður minnir á eftirlitsskyldur Þjóðskjalasafns með safninu og héraðsskjalasafnsins með meðferð skjala Kópavogsbæjar skv. lögum og reglugerðum. Í því sambandi nefnir hann að gera þurfi skjalavistunaráætlanir innan safns og utan, setja skilaskyldureglur og framfylgja þeim, taka ákvörðun um kostnaðarskiptingu innan bæjarkerfisins og ganga frá henni o.fl.

Héraðsskjalavörður telur að varla verði ljóst fyrr en eftir einn til tvo mánuði hve langan tíma þessi vinna tekur, en gerir sér þó vonir um að grundvallarþáttum hennar verði lokið áður en árið er á enda. Verði þá auðveldara að gefa heildaryfirlit yfir hvaða skjalasöfn eru varðveitt í Héraðsskjalasafni Kópavogs og hve fyrirferðarmikil þau eru. Skjalavörðurinn kvaðst vonast til að í byrjun næsta árs yrði unnt að gefa út ársskýrslu um starfsemi safnsins 2006.

Aðstæðna vegna lagði héraðsskjalavörður til í greinargerð sinni að meðan frágengnar skrár um safnkostinn liggja ekki fyrir verði lestrarsaslar aðeins opinn almenningi samkvæmt samkomulagi. Einnig verði umbætur á vefsíðu safnsins látnar bíða fyrst um sinn og sömuleiðis sýningarhald nema leitað verði eftir því sérstaklega.

Fundarmenn skiptust síðan á skoðunum, fyrirspurnum og upplýsingum um safnið, aðstæður þar og verkefni framundan, en ákveðið var að ræða greinargerð héraðsskjalavarðar nánar á næsta fundi.

2. Önnur mál

- a) Héraðsskjalavörður dreifði til stjórnarmanna Tillögu að drögum að skjalavistunaráætlun skjalasafns stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs og óskaði upplýsinga skv. þeim við fyrstu hentugleika.
- b) Næsti fundur er áætlaður fyrir febrúarlok.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 17.10.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari